



ÖRYGGISBLAÐ

skv. reglugerð (EB) nr. 1272/2008

Útgáfa: 1.0

Dags. endurskoðunar: 19. mars 2015

1. AUÐKENNING EFNISINS/BLÖNDUNNAR OG FÉLAGSINS/FYRIRTÆKISINS

- 1.1. Vörukenni** **SVARTOLÍA**
- 1.2. Tilgreind notkun** Eldsneyti.
- 1.3. Söluaðili** Olíuverzlun Íslands hf.
Katrínartúni 2
105 Reykjavík
- Sími:** 515 1000
Netfang: olis@olis.is
Veffang: www.olis.is
- 1.4. Neyðarsímanúmer**
Neyðarlínan: 112
Eitrunarmiðstöð LSH: 543 2222

2. HÆTTUGREINING

2.1. Flokkun efnisins eða blöndunnar

Flokkun skv. reglugerð (EB) nr. 1272/2008 (CLP)

Flokkun Krabb. 1B; H350
Eit. á æxlun 2; H361d
Bráð eit. 4; H332
STOT RE 2; H373
Bráð eit. á vatn. 1; H400
Langv. eit. á vatn. 1; H410
EUH066

2.2. Merkingaratriði

Hættumerki



- Viðvörðunarorð** Hætta
- Hættusetningar** H332 – Hættulegt við inntöku.
H350 – Getur valdið krabbameini.
H361d – Grunað um að hafa skaðleg áhrif á börn í móðurkviði.
H373 – Getur skaðað líffæri við langvarandi eða endurtekna snertingu við húð.
H400 – Mjög eitrað lífi í vatni.
H410 – Mjög eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif.
EUH066 – Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð.
- Varnaðarsetningar** P201 – Aflið sérstakra leiðbeininga fyrir notkun.
P260h – Andið ekki að ykkur gufu/úða.
P273 – Forðist losun út í umhverfið.
P308/313 – EF um váhrif eða hugsanleg váhrif er að ræða: Leitið lækni.
P391 – Safnið upp því sem hellist niður.
P501a – Fargið innihaldi/ílátí í samræmi við gildandi lög og reglur.

Hættuleg merkingarskyld efni á merkimiða

Hættuleg efni Eldsneytisólíuleif, þung eldsneytisólía (68476-33-5).
Dísileldsneyti (68334-30-5).

- 2.3. Aðrar hættur**
- Aðrar hættur** Inniheldur hvorki PBT- né vPvB-efni.

3. SAMSETNING INNIHALDSEFNA/UPPLÝSINGAR UM INNIHALDSEFNI

3.2 Blanda

Efnisþáttur	Efnakenni	Magn %	CLP-flokkun
Eldsneytisolíuleif, þung eldsneytisólía	CAS#: 68476-33-5 EINECS#: 270-675-6	90-100	Krabb. 1B; H350 Eit. á æxlun 2; H361d Bráð eit. 4; H332 STOT RE 2; H373 Bráð eit. á vatn. 1; H400 Langv. eit. á vatn. 1; H410 EUH066
Dísileldsneyti	CAS#: 68334-30-5 EINECS# 269-822-7	1-10	Eldf. vökví 3; H226 Krabb.2; H351 Bráð eit. 4; H332 Eit. v. ásvelg. 1; H304 STOT RE 2; H373 Húðert. 2; H315 Langv. eit. á vatn. 2; H411

Hættusetningar eru skráðar í 16. lið.

4. RÁÐSTAFANIR Í SKYNDIHLJÁLPI

4.1. Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi

Eftir innöndun	Færið viðkomandi í ferskt loft og látið hvílast. Ef erting eða hósti er viðvarandi, eða eftir innöndun úða, leitið lækni og hafið þessar öryggisleiðbeiningar meðferðis. Ef meðvitundarlaus, setjið í læsta hliðarlegu og tryggið öndun. Gefið súrefni ef viðkomandi á erfitt með andardrátt. Gefið súrefni ef þarf.
Eftir snertingu við augu	Skolið strax með miklu vatni í a.m.k. 15 mínútur. Fjarlægjið snertilinsur. Haldið augnlokum frá auganu til að tryggja vandlega skolun. Leitið lækni ef erting er viðvarandi. Hafið þessar öryggisleiðbeiningar meðferðis.
Eftir snertingu við húð	Fjarlægjið föt og skó sem óhreinkast af efninu. Þvoðu húðina vandlega með sápu og vatni eða notið viðurkenndan húðhreinsi.
Eftir inntöku	Leitið lækni og hafið þessar öryggisleiðbeiningar meðferðis. Skolið munninn strax og drekkið mikið vatn eða mjólk. Vaktið viðkomandi. Ekki framkalla uppköst. Ef uppköst verða, beygið höfuðið fram og niður á við. Leitið lækni strax og hafið þessar öryggisleiðbeiningar meðferðis.

4.2. Helstu einkenni og áhrif, bæði bráð og tafir

Einkenni og áhrif Sjá 11. lið.

4.3. Merki um þörf á bráðri lækniþjónustu eða sérstakri meðhöndlun

Sérstök meðhöndlun Ekki þekkt.

5. RÁÐSTAFANIR VEGNA SLÖKKVIÐGERÐA

5.1. Slökkvibúnaður

Viðeigandi Alkóhólþolin froða, slökkviduft, vatnsúði eða koltvísýringur.
Óviðeigandi Notið ekki vatnsbunu.

5.2. Sérstök hættu af blöndunni

Sérstök hættu Myndefni við bruna geta verið skaðleg heilsu.
Látið ekki berast í holræsi, vatnsfarvegi eða jarðveg.

5.3. Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn

Hlíðarbúnaður Slökkviliðsmenn skulu nota viðeigandi hlífðarbúnað og ferskloftstæki með andlitsgrímu, stillt á yfirþrýsting. Fatnaður (þ.á.m. hjálmur, stígvél og hanskar) í samræmi við evrópska staðalinn EN 469 veitir grunnvörn í tilfelli efnaleka. Kælið nálæg ílát/umbúðir með vatnsúða.

6. RÁÐSTAFANIR EF EFNI FER ÓVART TIL SPILLIS EÐA ER LOSAÐ FYRIR SLYSNI

6.1. Öryggisráðstafanir fyrir fólk

Ráðstafanir Forðist snertingu við efnið. Notið viðeigandi hlífðarbúnað.

6.2. Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins

Ráðstafanir Stöðvið leka ef mögulegt án áhættu. Hindrið að berist í jarðveg, fráveitur, vatnsfarvegi og holræsi. Gerið yfirvöldum viðvart ef efnið veldur umhverfismengun (fráveitur, vatnsfarvegir, jarðvegur).

6.3. Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar

Aðferðir og efni Safnið með ísogsefni setjið í viðeigandi merkt ílát til förgunar.
Lokið og innsiglið og fargið hjá viðurkenndum förgunaraðila.

6.4. Tilvísun í aðra liði

Aðrir liðir

Sjá 8. lið fyrir upplýsingar um viðeigandi persónuhlífar.
Sjá 13. lið fyrir viðbótarupplýsingar um förgun.

7. MEÐHÖNDLUN OG GEYMSLA

7.1. Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun

Örugg meðhöndlun

Forðist snertingu. Þvoið ávallt olíu af húð með sápu og vatni eða viðurkenndum húðhreinis. Notið aldrei lífræn leysiefni. Notið ekki fatnað eða skó sem er óhreinkaður af olíu og ekki setja olíublautar tuskur í vasa. Gætið almenns hreinlætis við meðhöndlun efna.

Varúðarráðstafanir

Verklag skal miða að því að lágmarka snertingu. Notið aðferðir sem lágmarka útbreiðslu eða myndun gufu, ryks, úða, slettna o.s.frv., eins og hægt er. Ekki geyma tóbak, mat eða drykk í vinnurýmum eða á svæðum þar sem efnið er notað. Ekki matast, drekka eða reykja við notkun.

Tæknilegar ráðstafanir

Loftræstikerfi gæti verið nauðsynlegt. Tryggið greiðan aðgang að hreinu vatni og augnskolunarbúnaði.

7.2. Örugg geymsluskiyrði, einnig m.t.t. ósamrýmaleika

Ráðstafanir

Geymið í tryggilega luktum, upprunalegum umbúðum á vel loftræstum stað. Geymið á læstum stað þar sem börn ná ekki til. Geymið fjarri matvælum, drykkjum og fóðri.

7.3. Sérstök notkun

Sérstök notkun

Á ekki við.

8. VÁHRIFAVARNIR/PERSÓNUHLÍFAR

8.1. Viðmiðunarmörk fyrir váhrif

Viðmiðunarmörk

Engin tilgreind.

8.2. Váhrifavarnir

Tæknilegar ráðstafanir

Tryggið næga loftræstingu og lágmarkið hættu á innöndun gufu og úða. Augnskolunarbúnaður og öryggissturtur skulu vera nálægt vinnustöð.

Persónuhlífar

Til hlífðar höndum

Notið öndunargrímu með viðurkenndri síu við myndun úða (A2/P3) Notið hlífðarhanska. Vökvi getur þrengt sér í gegnum hanskana. Skiptið reglulega. Ráðlagt efni í hönskum: Nitríl, víton.

Til hlífðar augum

Hreinlæti

Öryggisglæraugu með hliðarvörn eða þétt öryggisglæraugu.

Meðhöndlið efni með varúð og gætið að hreinlæti.

Þvoið hendur fyrir vinnuhlé og í lok vinnudags. Notið handaáburð.

Farið úr hlífðarfatnaði áður en matast er. Geymið vinnufatnað fjarri öðrum fatnaði. Þvoið óhreinkaðan fatnað fyrir næstu notkun.

Ekki geyma matvæli, drykki eða tóbak í sama rými og þetta efni er notað.

Húð og líkami

Umhverfisráðstafanir

Notið hlífðarfatnað til að hindra endurtekna eða langvarandi snertingu.

Leifum af efninu og umbúðum þess skal farga sem hættulegum úrgangi í samræmi við gildandi lög og reglur.

9. EÐLIS- OG EFNAFRÆÐILEGIR EIGINLEIKAR

9.1 Upplýsingar um helstu eðlis- og efnafræðilega eiginleika

Eðlisástand

Vökvi

Lykt

Einkennandi

Blossamark

>60°C

10. STÖÐUGLEIKI OG HVARFGIRNI

10.1. Hvarfgirni

Hvarfgirni

Engin þekkt.

10.2. Efnafræðilegur stöðugleiki

Stöðugleiki

Stöðugt við venjuleg hitastig og ráðlagða notkun.

10.3. Hætta á skaðlegum efnahvörfum

Skaðleg efnahvörf

Engin þekkt.

10.4. Skilyrði sem ber að varast

Varasöm skilyrði

Engin sérstaklega varasöm skilyrði.

10.5. Ósamrýmanleg efni

Ósamrýmanleg efni

Sterkir oxarar.

10.6. Skaðleg niðurbrotsefni

Niðurbrotsefni

Hættulegar gufur/lofttegundir geta myndast við upphlitun.

11. EITUREFNAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

11.1. Upplýsingar um eitrefnafræðileg áhrif

Bráð eiturhrif

LD50	Inntaka, rotta	>5000 mg/kg
LD50	Húð, kanína	>2000 mg/kg
LC50	Innöndun, rotta	4,1 mg/l

Innöndun	Hættulegt við innöndun olíuúða. Gufur sem myndast við upphitun erta öndunarfæri og valda hósta. Gufur geta haft áhrif á miðtaugakerfið og valdið höfuðverk, velgju, uppköstum og eiturhrifum.
Inntaka	Getur verið ertandi og valdið óþægindum. Ekki framkalla uppköst. Ef uppköst verða, beygið höfuðið fram og niður á við til að hindra að ælan berist í lungu. Leitið lækni strax.
Snerting við húð	Getur skaðað líffæri við langvarandi eða endurtekna snertingu. Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð.
Snerting við augu	Getur verið augnertandi við beina snertingu.
Krabbameinsv. áhrif	Getur valdið krabbameini.
Eiturhrif á þroskun	Grunað um að hafa skaðleg áhrif á barn í móðurkviði.

12. VISTFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

12.1. Eiturhrif

Visteiturhrif Mjög eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif.

Eldsneytisólíuleif, þung eldsneytisólía

EbL50	Pseudokirchneriella subcapitata, 72 klst.	0,4 mg/l
NOEL	Daphnia magna (halafær)	0,27 mg/l

12.2. Þrávirkni og niðurbrjótanleiki

Lífbrjótanleiki Brotnar hægt niður.

12.3. Uppsöfnun í lífverum

Uppsöfnun Inniheldur efni sem geta safnast upp í lífverum.

12.4. Hreyfanleiki í jarðvegi

Hreyfanleiki Engin gögn.

12.5. Niðurstöður úr mati á PBT- og vPvB eiginleikum

PBT/vPvB Á ekki við.

12.6. Önnur váhrif

Önnur váhrif Engin þekkt.

13. ATRÍÐI VARÐANDI FÖRGUN

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs

Förgun vörunnar Fargið á öruggan hátt í samræmi við gildandi lög og reglur.

Hættulegur úrgangur Já.

Úrgangskóði

- Efnaleifar 13 07 01 – Brennsluolía og dísilolía.

- Notaðar tuskur o.þ.h. 15 02 02 – Íseyg efni, síunarefni (einnig olíusíur sem eru ekki tilgreindar með öðrum hætti), þurrkur og hlífðarfáttaður, mengað af hættulegum efnum.

14. UPPLÝSINGAR VARÐANDI FLUTNING

14.1. Alþjóðlegar reglur

UN-númer	3082
Rétt sendingarheiti	ENVIRONMENTALLY HAZARDOUS SUBSTANCE, LIQUID, N.O.S. (Heavy Fuel Oil)
Hættuflokkur	9
Pökkunarhópur	III
Sjávarmengandi	Já
Hættulegt umhverfi	Já

15. UPPLÝSINGAR VARÐANDI REGLUVERK

15.1.1. ESB-reglur

Reglur Flokkun, merking og pökkun í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008.

15.2. Efnaöryggismat

Mat Á ekki við.

16. AÐRAR UPPLÝSINGAR

Hættusetningar	H226 – Eldfímur vökvi og gufa. H304 – Getur verið banvænt ef kyngt og komist í öndunarveg. H315 – Veldur húðertingu. H332 – Hættulegt við innöndun. H350 – Getur valdið krabbameini. H351 – Grunað um að valda krabbameini. H361d – Grunað um að hafa skaðleg áhrif á barn í móðurkviði. H373 – Getur skaðað líffæri við langvinna eða endurtekna snertingu. H373b – Getur skaðað líffæri við langvinna eða endurtekna snertingu við húð. H400 – Mjög eitrað lífi í vatni. H410 – Mjög eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif. H411 – Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif.
Skammstafanir	CLP: Flokkun, merking og pökkun. ADN: Reglur um flutning hættulegra efna á skipgengum vatnaleiðum. Evrópusamningur um millilandaflutninga á hættulegum farmi á skipgengum vatnaleiðum. ADR: Reglur um millilandaflutninga á hættulegum farmi á vegum Evrópusamningur um millilandaflutninga á hættulegum farmi á vegum. DNEL: Viðmiðunarmörk fyrir váhrif. EmS (neyðaráætlun): Fyrri kóðinn vísar til viðeigandi brunaáætlunar og seinni kóðinn vísar til viðeigandi áætlunar vegna efnaleka. IMDG: Alþjóðlegur kóði um siglingu með hættulegan varning. PBT: Þrávirk efni sem safnast fyrir í lífverum og eru eitruð. PNEC: Styrkur þar sem engin váhrif eru fyrirsjáanleg. TWA: Tímavegið meðaltal. STEL: Skammtíma váhrif. STOT RE: Sértek eiturrif á marklíffæri, endurtekin váhrif. STOT SE: Sértek eiturrif á marklíffæri, váhrif í eitt skipti. vPvB: Mjög þrávirk efni sem safnast fyrir í lífverum í miklum mæli.

Upplýsingarnar á þessu blaði eru, samkvæmt okkar bestu vitneskju, réttar og tæmandi á útgáfudegi. Þær eiga aðeins við um vöruna sem þær lýsa, en ætti ekki að túlka sem tryggingu fyrir tilteknum eiginleikum hennar. Ef varan er notuð með öðru efni eða í öðrum tilgangi en tilgreindur er, gæti verið að upplýsingarnar ættu ekki lengur við. Það er á ábyrgð notanda vörunnar að leggja mat á gildi og ítarleika upplýsinganna í ljósi notkunar sinnar. Engin ábyrgð er tekin á missi eða tjóni vegna notkunar þessara upplýsinga.

Þýðing og uppsetning: Reynir Hjálmarsson

Gert þann 12. nóvember 2015.

Heimild: Chemtura Manufacturing UK Limited, MSDSrequest@chemtura.com